



FÉLAG  
GRUNNSKÓLA-  
KENNARA

**9. ársfundur**

**Félags grunnskólakennara**

**29. mars 2012**

**Grand Hótel Reykjavík**

# **Ársskýrsla stjórnar Félags grunnskólakennara**

## **Stjórn Félags grunnskólakennara**

Á aðalfundi félagsins 17. -18. maí var kosin ný stjórn í félaginu. Á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund skipti stjórn með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Formaður: Ólafur Loftsson, KFR / FG  
Varaformaður: Guðbjörg Ragnarsdóttir, KR  
Gjaldkeri: Mjöll Matthíasdóttir, BKNE  
Ritari: Hreiðar Oddson, KMSK  
Meðstjórnendur:  
Baldur Þorsteinsson, KFR  
Sigurður Halldór Jesson, KS  
Bergmann Guðmundsson, KSNV

### **Varamenn stjórnar eru:**

Rósa Ingvarsdóttir, KFR  
Ólafur Einar Lárusson, KV  
Þórunn Sif Böðvarsdóttir, KFR  
Hildur Jórunn Agnarsdóttir, KSA  
Pórdís Sævarsdóttir, KMSK

Frá aðalfundi 2011 hafa verið haldnir 9 stjórnarfundir. Fyrsti varamaður stjórnar situr fundi hennar sem áheyrnafulltrúi.

## **Skrifstofa, starfsmannahald og fjármál félagsins**

Starfsmannamál félagsins eru með eftirfarandi hætti. Formaður, varaformaður en þjónustufulltrúar eru í fullu starfi á vegum KÍ. Skrifstofa félagsins er opin alla virka daga frá 9-16. Á skrifstofunni er yfirleitt einhver starfsmannanna til þjónustu reiðubúinn.

Aðalfundur FG samþykkti fjárhagsáætlun félagsins fyrir tímabilið 2011 – 2014 (sjá útgefnað þingsamþykktir 5. aðalfundar FG) sem staðfestar voru á þingi Kennarasambandsins. Í þeirri áætlun var gert ráð fyrir að framlag til aðildarfélaga KÍ breytist í takt við launatöflu KÍ. Framlag frá KÍ skiptist í þrjá hluta, framlag vegna launa, reksturs og vegna svæða/deilda. Á árinu voru unnar tillögur til breytinga á greiðslum til svæðafélaga, sem tóku gildi um áramótin.

Reikningar félagsins fyrir árið 2011 verða lagðir fram til kynningar á fundinum.

## Samráðsfundir

Skv. lögum FG skal stjórn boða til samráðsfundar með formönnum svæðafélaga a.m.k. tvisvar á ári. Samráðsfundi er ætlað að vera stjórn til ráðuneytis um stjórnun félagsins, m.a. við undirbúning aðalfundar og ársfunda. Eins og undanfarin ár hafa samráðsfundir verið fleiri heldur en lög félagsins gera ráð fyrir.

Af málum sem rædd hafa verið á þessum fundum má nefna kjaramál, haustþing svæðafélaganna, fjármál svæðafélaganna, trúnaðarmannanámskeið, ástandið í samfélaginu, skólamálin og margt fleira. Aðalfundur félagsins ákvað að stofna millipinganevnd sem skyldi fjalla um:

- stjórnkerfi félagsins
- samsetningu stjórnar
- fjölda svæðafélaga
- lög svæðafélaga
- fyrirkomulag tilnefninga og framkvæmd kosninga
- lög FG

Nefndin kynni tillögur sínar á ársfundi 2012 enda hafi þá þær þegar verið sendar svæðafélaga stjórnnum til kynningar. Samþykki ársfundur að áfram skuli unnið að tillögnum hefur stjórn FG í samráði við nefndina, heimild til að boða til aukaaðalfundar FG 2013 í stað ársfundar. Til þess fundar skal þá boða á sama hátt og til aðalfundar (m.t.t. til fjölda, seturéttar og allra tímafresta).

Í samræmi við ályktun aðalfundar liggur fyrir ársfundi 2012 tillögur frá millipinganevnd sem verða ræddar, enda hafa þær verið sendar til svæðafélaga til umfjöllunar og skoðunar. Millipinganevnd mun svo í kjölfarið ákveða í samráði við stjórn framhald málsins.

Kjaramál hafa einnig verið fyrirferðamikil á samráðsfundum ársins, og verða gerð nánari skil síðar í skýrslunni.

Það er mjög mikilvægt fyrir félagið að eiga sterkan hóp svæðaformanna sem geta tekið virkan þátt í starfi og stefnumótun félagsins og vill stjórn FG nota tækifærið og þakka þeim samstarfið á árinu.

## Samninganefnd

Samninganefnd FG skipa stjórn og fimm fulltrúar sem kjörnir eru á aðalfundi. Á aðalfundinum voru eftirtaldir kjörnir í samninganefndina:

Ingibjörg Þorleifsdóttir, KS  
Sigurður Haukur Gíslason, KMSK  
Sigurjón Magnússon, BKNE  
Anna Lena Halldórsdóttir, KR  
Þormóður Logi Björnsson, KR

### Samninganefnd félagsins var því þannig skipuð:

Ólafur Loftsson, KFR / FG  
Guðbjörg Ragnarsdóttir, KR  
Mjöll Matthíasdóttir, BKNE  
Hreiðar Oddson, KMSK  
Baldur Þorsteinsson, KFR  
Sigurður Halldór Jesson, KS  
Bergmann, KSNV  
Ingibjörg Þorleifsdóttir, KS  
Sigurður Haukur Gíslason, KMSK  
Sigurjón Magnússon, BKNE  
Anna Lena Halldórsdóttir, KR  
Þormóður Logi Björnsson, KR

Formaður FG er jafnframt formaður samninganefndar. Ritari nefndarinnar er Mjöll Matthíasdóttir. Það sem af er kjörtímabilinu hafa verið haldnir fimm fundir í nefndinni auk tveggja daga vinnufundar og sameiginlegs vinnufundar samninga- og skólamálanefndar.

Samninganefnd kaus viðræðunefnd og eru í henni Ólafur Loftsson, Guðbjörg Ragnarsdóttir, Sigurjón Magnússon, Ingibjörg Þorleifsdóttir, Hreiðar Oddson og Baldur Þorsteinsson.

Í maí 2011 sömdu Samninganefnd sveitarfélaga (SNS) og FG um nýjan kjarasamning. Félagið hafði það að markmiði að semja fyrir skólalok og gefa þannig félagsmönnum sínum tækifæri til að taka afstöðu til nýs kjarasamnings áður en sumarleyfi hæfust. Undirbúningi viðræðna var hagað með þetta m.a. í huga. Að hálfu SNS var það yfirlýst stefna að semja ekki fyrr en samningum væri lokið á almennum markmiði og að ekki yrði samið á öðrum nótum en þar yrði gert. Skömmu eftir að samið var á almennum markaði sömdu SNS og FG um nýjan samning sem var á sömu nótum og aðrir samningar sem gerðir voru á almennum markaði vikunnar þar á undan. Í fyrsta sinn var kosið um nýjan kjarasamning á rafrænan hátt og tókst sú framkvæmd með ágætum. Niðurstaðan var skýr:

Á kjörskrá voru	4536		
Atkvæði greiddu	3317	eða	73,1 %
„Já“ sögðu	2857	eða	86,1 %
„Nei“ sögðu	352	eða	10,6 %
Auðir seðlar	108	eða	3,3 %

Helstu atriði nýs kjarasamnings voru:

#### **Gildistími**

1.5.2011 – 31.3.2014

#### **Launaleiðréttingar**

Júní 2011 hækka laun um 4,6%

Júní 50.000 kr. eingreiðsla

Febrúar 2012 25.000 kr. eingreiðsla

Mars 2012 hækka laun um 3,5%

Mars 2013 hækka laun um 3,5%

#### **Annaruppbætur**

2011 - 65.000 kr.

2012 - 67.000 kr.

2013 - 69.000 kr.

Að auki var samið um framtíðarsýn í skólamálum og skyldi unnið í tveimur starfshópum að ákveðnum málefnum sbr. samkomulagið hér fyrir aftan:

*Aðilar eru sammála um að halda áfram vinnu á grundvelli sameiginlegrar framtíðarsýnar í skólamálum til ársins 2020, skv. sameiginlegum samningsmarkmiðum og markmiðum í kjarasamningi aðila frá 2008.*

*Í því skyni munu aðilar skipa tvo starfshópa með fulltrúum beggja aðila til að halda áfram þeirri vinnu sem lagður var grundvöllur að með vinnu starfshóps sem mótaði sameiginlega framtíðarsýn í skólamálum til ársins 2020.*

*Annar starfshópurinn mun m.a. fjalla um hlutverk kennara, innihald starfs þeirra og breytingar á störfum, auk þróunar skólastarfs almennt.*

*Hinn starfshópurinn mun fjalla um vinnutímakafla kjarasamnings og önnur ákvæði sem tengjast vinnutíma grunnskólakennara með það að markmiði að aðlaga hann að breyttum kröfum til skólastarfs.*

*Stefnt er að því að aðilar nái samkomulagi um breytingar fyrir 31. desember 2011. Það samkomulag verði borið undir félagsmenn FG í almennri atkvæðagreiðslu og skal niðurstaða hennar liggja fyrir eigi síðar en 16. febrúar 2012. Samþykki félagsmenn FG þær breytingar, taka þær gildi frá upphafi skólaársins 2012-2013. Felli félagsmenn FG umræddar breytingar eða náist ekki samkomulag um breytingatillögur, fellur kjarasamningurinn úr gildi frá 29. febrúar 2012 án sérstakrar uppsagnar.*

Því miður tók mjög langan tíma að fá SNS að fullu þunga í þessa vinnu. Fyrir því voru nokkrar ástæður, m.a. luku sveitarfélögin ekki kjarasamningagerð við aðra aðila fyrr en í september 2011. Þegar leið á haustmánuðina fór að verða ljóst að hvorki næðist að standa við gefin tímamörk um að ljúka þeirri vinnu sem til stóð, né að ná samkomulagi fyrir 31. desember 2011. Í janúar 2012 ákváðu svo sveitarfélögin að leiðréttu laun 1. mars 2012 um 3,5% þrátt fyrir að samningurinn væri þá laus og í ljósi þess ákvað félagið að gera nýja tímasetta verkáætlun um framhald vinnunnar. Eftir það má segja að vinnan hafi fyrst hafist fyrir alvöru og eru nú vinnuhópar að störfum. Stefnt er að því að ná saman nýjum samningi fyrir árslok 2012.

## **Samstarfsnefnd FG og LN**

Fulltrúar FG í samstarfsnefnd eru Ólafur Loftsson formaður og Guðbjörg Ragnarsdóttir varaformaður FG. Af hálfu LN hafa Guðfinna Harðardóttir, Ingunn Gísladóttir og Hallur Páll verið í nefndinni. Nefndinni hafa ekki borist mörg erindi. Ágæt samstarf hefur verið í nefndinni, en þó ber þess að geta að ekki hefur náðst samkomulag um biðlaunamál kennara og ljóst að það mun verða rekið fyrir dómstólum á endanum.

Tilburðir einstakra sveitarfélaga og einstaka skólastjórnenda til að túlka kjarasamninginn að eigin geðþótta valda enn áhyggjum. Samstarfsnefnd sá ástæðu til að bóka eftirfarandi árið 2010 og þarft að minna á: „*Samstarfsnefnd þykir ástæða til að áréttu að túlkun kjarasamnings LN og KÍ v/Félags grunnskólakennara fer fram á borði samstarfsnefndar*“.

FG lítur það mjög alvarlegum augum ef einstök sveitarfélög eða einstakir skólastjórnendur telji það hlutverk sitt að túlka kjarasamning aðila að. Það skal ítrekað að það er hlutverk samninganefnda og/eða samstarfsnefndar aðila að túlka kjarasamninginn og greiða úr ágreiningi sem upp kann að koma. Engra annarra.

## **Skólamálanefnd**

Á aðalfundi Félags grunnskólakennara 2011 voru eftirtalin kjörin í skólamálanefnd:

Brynja Áslaug Sigurðardóttir, KMSK  
Kristjana Hrafnisdóttir, KMSK  
Lára Guðrún Agnarsdóttir, KSV  
Svava Þórhildur Hjaltalín, BKNE  
Þórdís Sævarsdóttir, KMSK  
Þórunn Sif Böðvarsdóttir, KFR

**Í varastjórn voru kjörin:**

Guðbjörg Íris Atladóttir KFR  
Sara Gísladóttir KSNV  
Þóra Kristinsdóttir KFR  
Imke Schirmacher KMSK  
Guðbjörg Sigurðardóttir KFR

Formaður sem lögum samkvæmt er skipaður af stjórn var Guðbjörg Ragnarsdóttir. Guðbjörg Íris Atladóttir tók við af Þórunni Sif Böðvarsdóttur í september. Skólamálanefnd FG hélt sex fundi á það sem af er kjörtímabilinu þar af einn heilan dag. Þá voru tölvusamskipti mikið notuð milli funda til að tryggja áframhaldandi vinnu við fyrirbyggjandi verkefni .

Hlutverk skólamálanefndar samkvæmt lögum Félags grunnskólakennara er:

- að fjalla um fagleg málefni og skólamál í samráði við stjórn félagsins og
- skólamálaráð
- að vinna að eflingu kennaramenntunar og endurmenntunar félagsmanna
- að annast tengsl við fagfélög og sambærilegar nefndir annarra
- uppeldisstétta

Störf skólamálanefndar FG mótast að mestu leyti af ákvörðunum aðalfundar FG en einnig berast nefndinni ýmis mál frá stjórn FG, framkvæmdastjórn skólamálaráðs KÍ, menntamálaráðuneytinu, sveitarfélögunum auk fjölda annarra aðila.

Helstu verkefni nefndarinnar voru að gefa umsögn um lög og reglugerðir, vinna í tengslum við samningamál. Frá aðalfundi hefur verið fjallað um og unnið að undirbúningi nýrrar nálgunar á rafrænni fyrirlestrarröð „Við erum sérfræðingar – þetta er mitt hlutverk“. Markmiðið er að fá kennara í hinum ýmsu skólum til að greina frá því hvernig þeir nálgast hinar ýmsu ögranir sem starfinu fylgja á fagmannlegan hátt. Reiknað er með að fyrstu myndböndin komi á vefinn í apríl.

Önnur verkefni tengd skólamálum

Mennta- og menningarmálaráðuneytið (mmrn), Samband íslenskra sveitarfélaga (sambandið), Kennarasamband Íslands (KÍ), Menntavísindasvið Háskóla Íslands (mvs HÍ), Háskólinn á Akureyri (HA) og Listaháskóli Íslands (LHÍ) gerðu með sér samkomulag um samstarfsnefnd um símenntun/starfsþróun leik-, grunn- og framhaldsskólakennara í júní 2011.

Hlutverk og markmið samstarfsnefndarinnar er að vinna að sameiginlegri stefnumótun um símenntun/starfsþróun kennara.<sup>1</sup>

Eftirfarandi verkefni falla þar undir:

1. Kortlagning á framboði símenntunar<sup>2</sup> fyrir kennara á leik-grunn og framhaldsskólastigi.<sup>3</sup>
2. Að setja fram sameiginlegan skilningi aðila á því hvað felst í símenntun/starfsþróun kennara
3. Vinna við samræmingu og flokkun upplýsinga um símenntunartilboð fyrir kennara.
4. Að semja viðmið um aðgangsstýringar á efni sem fer inn í upplýsingaveitu
5. Vinna við að auðvelda kennurum á mismunandi skólastigum að sækja sömu símenntun/starfsþróun og auðvelda kennurum að sækja sameiginleg námskeið, ráðstefnur og þróunarverkefni
6. Vinna við að greiða leið kennara til að nýta sér námsframboð háskólanna samhliða vinnu.
7. Umræða og þróun samræmdra aðferða við skráningu starfsþróunar

Samstarfsnefndina skipa 2-3 fulltrúar frá mmrn, 2 fulltrúar frá sambandinu, 5 fulltrúar frá KÍ<sup>4</sup> og einn fulltrúi frá hverjum háskóla mvs HÍ, LHÍ og HA.

Samstarfsnefndinni til fulltingis var skipaður stýrihópur sem í sitja 4 fulltrúar úr hópi þeirra sem sitja í samstarfsnefndinni einn fulltrúi frá menntamálaráðuneyti, einn fulltrúi frá KÍ, einn fulltrúi frá sambandinu og einn fulltrúi sameiginlega fyrir mvs HÍ, HA og LHÍ. Stýrihópur sér um að hrinda verkefnum í framkvæmd og fylgja vinnunni eftir.

Vegna liðar 4 var stofnuð ritstjórn upplýsingaveitu sem í eiga sæti einn fulltrúi frá hverjum aðila í samstarfsnefnd og situr Guðbjörg Ragnarsdóttir í þeirri nefnd.

## Fundir og námskeið með trúnaðarmönnum

Að venju voru haldin haustnámskeið með trúnaðarmönnum um allt land. Á þeim námskeiðum var farið í helstu atriði nýs kjarasamnings auk þess sem farið var yfir þá vinnu sem virtist vera framundan í ljósi nýgerðs kjarasamnings. Að tillögu svæðaformanna voru þessir fundir haldnir snemma á árinu með það fyrir augum að funda aftur með trúnaðarmönnum þegar nær drægi áramótum.

Trúnaðarmenn félagsins eru einn af hornsteinum félagsins okkar og gæta þess að farið sé eftir gildandi kjarasamningi. Að auki gegna þeir mjög mikilvægu félagslegu hlutverki og fyrir þeirra tilstuðlan tókst fyrsta rafræna atkvæðagreiðsla um

---

<sup>1</sup> Þegar hér er fjallað um kennara er átt við kennara, skólastjórnendur og eftir atvikum náms- og starfsráðgjafa.

<sup>2</sup> Hér er átt við símenntunarnámskeið og nám sem kennarar geta sótt sér t.d. til háskóla.

<sup>3</sup> Sjá tilvísun 1.

<sup>4</sup> Fulltrúar KÍ eru frá leik-grunn-(Guðbjörg Ragnarsdóttir), framhalds- og tónlistarskólum ásamt einum fulltrúa skólastjórnenda



kjarasamning jafnvel og raun ber vitni. Eins má nefna skoðunarkönnun sem framkvæmda var sameiginlega af SNS og FG. Þátttaka í þeirri könnun var vonum frammar og má það þakka eljusemi trúnaðarmann. Stjórn FG færir trúnaðarmönnum miklar þakkir fyrir frábær störf.

## **Haustþing svæðafélaganna**

Haustþing eru eitt af viðamestu verkefnum svæðafélaganna á landsbyggðinni. Stjórn FG telur mikilvægt að fara á öll haustþingin og reyndu formaður og/eða varaformaður að gera það. Haustþingin voru öll vel sótt og báru vitni um metnaðarfullt og vel undirbúið starf. Aukin ásókn opinberra aðila um þátttöku í þingunum er ánægjuleg og verður vonandi til þess að festa þau enn frekar í sessi. Áhyggjur eru þó af skilningsleysi skólayfirvalda til að styðja við þingin, bæði hvað varðar tíma og kostnað. Málið mun m.a. vera tekið upp á sameiginlegum vettvangi sveitarfélaganna og FG.

## **Útgáfa**

Fréttabréf félagsins hafa komið út eins oft og þurfa þykir. Sérstakri vefsíða félagsins var komið undir aðalsíðu KÍ. Breytingar hafa orðið á vefsíðu kennarasambandsins og „Mínar síður“ voru opnaðar. Þar geta félagsmenn KÍ sótt um á rafrænan og einfaldan hátt í alla sjóði kennarasambandsins. Nú er unnið að enn frekari þróun, m.a. með það í huga að virkja lokað spjallsvæði eingöngu fyrir félagsmenn KÍ auk annarrar þjónustu.

## **Erlent samstarf**

Kennarasamband Íslands er aðili að *Nordiska Lärarorganisationers Samråd* – NLS. Félaginu er skipt í nokkrar „deildir“, þar með talið grunnskóladeild sem FG er aðili að. Félagið sækir að jafnaði tvo fundi á ári með fulltrúum annarra kennarasamtaka á Norðurlöndum. Á þessum fundum er skipst á skoðunum um skólamál, sagt frá því helsta sem er á döfinni í skólamálum í hverju landi fyrir sig. Oftast er eitt ákveðið efni einskona þema fundanna. Ísland fór með formennsku í NLS og fóru formenn KÍ Eiríkur Jónsson og Þórður Árni Hjaltsted með það hlutverk.

Svíar fara með formennsku í NLS árið 2012 og verða samráðfundir haldnir þar.

## Samstarf við ýmsa aðila

Félag grunnskólakennara er í samstarfi við ýmsa aðila. Má þar nefna:

Heimili og skóla  
Jafnréttisstofu

ADHD samtökin  
Námshagkerfi


SAFT verkefnið  
Námsmatsstofnun  
Samband íslenskra sveitarfélaga  
Fræðsluskrifstofur einstakra sveitarfélaga

Menntamálaráðuneytið  
Menntavísindasvið Háskóla Íslands  
Launanevnd sveitarfélaga  
Skólamálanefnd sveitarfélaga

## Önnur mál

### Vonarsjóður

Sú ánægjulega þróun hefur átt sér stað undanfarið ár að sífellt fleiri nýta sér Vonarsjóð og sækja um styrki úr honum. Það hefur aftur á móti leitt til þess að gera hefur þurft þó nokkuð miklar breytingar á úthlutunarreglum sjóðsins til að forðast að sjóðurinn verði þurrausinn. Tekjur Vonarsjóðs byggjast á mánaðarlegu framlagi launagreiðanda sem miðast við 1,72% af föstum dagvinnulaunum félagsmanna í FG og SÍ. Að meðaltali eru árlegar greiðslur af hálfu launagreiðanda vegna hvers félagsmanns í FG um 66 þúsund krónur og vegna hvers félagsmanns í SÍ um 100 þúsund krónur. Hér fyrir aftan má sjá þróun á greiðslum styrkja undanfarið ár.



Mikil vinna er í gangi um framtíðarskipulag Vonarsjóðs, annars vegar með sveitarfélögunum og hins vegar skólastjórafélaginu

### Lífeyrissjóður starfsmanna (LSR)

Miklar umræður hafa verið að undanförunu um lífeyrismál landsmanna og hvort ástæða sé til að jafna lífeyrisséttindi á vinnumarkaði til framtíðar litið. Fulltrúar KÍ í þessari umræðu hafa almennt sett það sem skilyrði að ekki verði hróflað við þeim réttindum eða kerfum sem félagar okkar búa nú við (LSR A-deild og LSR B-deild). Ekki verði hægt að ljá máls á sameiginlegu lífeyrisséttinda allra landsmanna, nema réttindi þeirra sem nú greiða / fá greiðslur úr í A- og B- deildum verði tryggð.

Á árinu kom fram skýrsla um starfsemi lífeyrissjóðina og var margt gangrýnt í starfsemi þeirra, m.a. hvernig og í hverju var fjárfest og á hvaða tíma. Gagnrýni kom fram á að reglur skorti um hvernig að ákvarðanatöku um fjárfestingar var háttað. Á kynningarfundum LSR skýrsluna voru viðbrögð sjóðsins við henni gagnrýnd.

### Lokaorð

Síðasta starfsár hefur að mestu mótast af mikilli vinnu við undirbúning að gerð kjarasamnings. Langan tíma tók að fá sveitarfélögin að fullum þunga í „alvöru“ viðræður um þá þætti sem kveðið var á um í síðasta kjarasamningi. Það er von og trú stjórnar að nú sé loksins kominn farvegur til að ná fram löngu tímabærum breytingum á kjarasamningi okkar er snúa að starfsumhverfi kennara.

Á næstu mánuðum verður mikil vinna við að finna og þróa lausnir sem eru líklegar til að leiða til sátta milli kennara og sveitarfélaga um framtíðarskipulag skólamála.

Millipinganefnd félagsins leggur fram á ársfundinum þrjár hugsanlegar leiðir um framtíðaruppbyggingu FG. Hugmyndirnar hafa verið sendar til svæðafélaga til

kynningar og umfjöllunar og í framhaldi af ársfundi mun millipinganefndin í samráði við stjórn ákveða framhalds málsins. Verði það mat nefndarinnar og stjórnar að völdtæk sátt náist um einhverja eina leið, er heimilt að boða til aukaaðalfundar að ári liðnu. Hvort það verður skýrist á næstu vikum.

Stjórn FG þakkar öllum þeim fjölmörgu sem að starfi félagsins koma í ráðum og nefndum fyrir störf þeirra. Trúnaðarmenn og svæðaformenn eiga þakkir skildar fyrir störf sín á erfiðum tímum.

Fyrir hönd stjórnar FG

Ólafur Loftsson formaður